

Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði
V.T. Bæjarráð

Reykjavík, 6. júní 2024.

Efni: Áform Landsnets hf. um lagningu 66 kV jarðstrengs í landi Hóls, landnr. 140446. Samþykki landeiganda.

Ágætu viðtakendur.

Landsnet hefur tekið ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir til styrkingar á flutningskerfi raforku á Suðurfjörðum Vestfjarða. Framkvæmdin felst í lagningu 66 kV jarðstrengs frá Bíldudal meðfram sunnanverðum Bíldudalsvogi að landtaki á Litlu – Eyri. Nýr 66 kV sæstrengur verður lagður yfir Arnarfjörð fyrir Langanes með landtak við Hrafnseyri. Að lokum verður svo lagður 66 kV jarðstrengur frá Mjólká og að landtaki sæstrengs við Hrafnseyri að mestu samhliða þjóðvegi nr. 60 (Vestfjarðarvegur milli Mjólkár og Hrafnseyrar). Markmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi og tryggja áreiðanleika raforkuafhendingar í landshlutanum.

Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar er landeigandi jarðarinnar Hóll, landnr. 140446, sem mun verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Mjólkárhlína 2, 66 kV háspennujarðstrengur mun liggja innan jarðarinnar á um 260 metra kafla ofan vegar. Jarðstrengnum fylgir sú kvöð, m.a. í samræmi við ákvæði reglugerðar um raforkuvirki nr. 678/2009, sbr. og 13. gr. laga um öryggi raforkuvirkja o.fl., nr. 146/1996, bæði með áorðnum breytingum, að óheimilt verður að koma fyrir mannvirkjum á belti, sem nefnt er *helgunarsvæði*, sem er að jafnaði um 10 metra breitt, auk þess sem landnot sem kunna að hafa áhrif á rekstraröryggi jarðstrengsins, s.s. skógrækt, eru óheimil innan helgunarsvæðisins. Allt verulegt rask á jarðvegi helgunarsvæðisins er óheimilt. Rask telst verulegt ef það veldur raski á meira dýpi en 30 cm frá ósnortnu yfirborði helgunarsvæðisins.

Meðfylgjandi bréfi þessu er yfirlitskort sem sýnir staðsetningu strengsins innan jarðarinnar Hóll ásamt drögum að samningi, tilboðsyfirliti um landbætur vegna framkvæmdarinnar og yfirlýsingar sem þinglýst verður sem kvöð á jörðina. Með fyrirhuguðum samningi við landeiganda felst að landeigandi heimilar Landsneti að leggja jarðstrenginn innan jarðarinnar gegn greiðslu bóta, með vísan til 21. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Þá veitir landeigandi Landsneti óhindraðan aðgang að jarðstrengnum í landi jarðarinnar, bæði að því er varðar byggingarframkvæmdir á mannvirkinu, svo og viðhald, eftirlit og endurnýjun síðar.

Þess er óskað að meðfylgjandi skjöl verði tekin til umræðu og afgreiðslu innan sveitarfélagsins.

Fyrir hönd Landsnets hf.



Þórður Bogason hrl.